



VEÐURSTOFA  
ÍSLANDS  
Alþingi  
Erindi nr. Þ  
komudagur

123 | 1252  
3.3.199

Nefndasvið Alþingis  
– Umhverfisnefnd  
Þórshamri v/Templarasund  
150 Reykjavík

Dags.	Tilv. vor	Tilv. yðor
2.3.1999	012/2247/MJ/KG	

### Efni: Umsögn um frumvarp til laga um náttúruvernd

Í ljósi hins skamma tíma sem gefinn er í umsagnarfrést um ofangreint frumvarp telur Veðurstofa Íslands ekki gerlegt að veita ítarlega umsögn um frumvarpið. Þótt flest atriði frumvarpsins séu að mati Veðurstofunnar jákvæð og styrki náttúruvernd í landinu eru nokkur atriði sem Veðurstofan vill leggja sérstaka áherslu á að þyrfti að breyta:

Í fyrsta lagi vekur nokkra undrun að hið almenna gildissvið laganna sé ekki öll efnahagslögsagan og landgrunnið. Að þjóð, sem á jafn mikið undir sjálfbærri þróun lífríkis hafs og hafsbotns, skuli ekki sjá ástæðu til að meginlög um náttúruvernd nái til sjávar, verður að teljast órökrétt.

Í öðru lagi telur Veðurstofan orka tvímælis sú upptalning á stofnunum og aðilum sem umhverfisráðherra á að hafa samráð við um mótun stefnu í umhverfismálum sbr. 4. gr. Af hverju ekki RALA, Skógræktin, Landgræðslan og jafnvel Veðurstofan? Enn vekur furðu að hér er Hafrannsóknastofnun sérstaklega talin upp sem samráðsaðili án þess að gildissvið laganna nái til sjávar sbr. það sem áður var sagt.

Í þriðja lagi vill Veðurstofan vekja athygli á ósamræminu sem er milli ákvæða 53. gr. og 54. gr. frumvarpsins. Enn á ný kemur í ljós galli þess að löggin skuli ekki eiga að ná almennt til sjávar og sjávarbotns. Ef gæta ætti samræmis ætti 53. gr. að hefjast svo: „Umhverfisráðherra getur, að fengnu samþykki iðnaðarráðherra, samgönguráðherra eða landbúnaðarráðherra og eftir atvikum að fengnum tillögum eða álitum Náttúruverndar ríkisins ...“ o.s.frv. Þetta væri hins vegar ekki eðlilegt né í samræmi við anda laganna. Í 54. gr. er ekkert minnst á lífríki hafsins, lífverur, búsvæði þeirra og vistkerfi, rétt eins og þar sé ekki um náttúru að ræða sem geti verið rík ástæða til að vernda eða friðlýsa. Það er varla í takt við nútíma stjórnsýsluhætti að nýtingarráðuneytinu sé ætlað að bera ábyrgð á verndun og friðun lífríkis í sjó og á sjávarbotni.

Virðingarfyllt

  
Magnús Jónsson  
veðurstofustjóri

BÚSTADAVEGI 9, 150 REYKJAVÍK  
SÍMI: 5600600, FAX: 5528121  
TÖLVUPÓSTUR: OFFICE@VEDUR.IS